

Friðland að Fjallabaki

Aðgerðaráætlun 2020 - 2022

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi Friðlands að Fjallabaki haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn friðlandsins. Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar reglubundnar árlegar aðgerðir og hinsvegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#) (Landsáætlun). Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Margar af eftirfarandi aðgerðum eru komnar í ferli við útgáfu áætlunarinnar.

Árlega aðgerðir:

Aðgerðir

- ✓ Lagfærðar verði skemmdir vegna utanvegaakstur og aflagðir vegslóðar á grónum svæðum verði afmáðir og raskaður gróður endurheimtur.
- ✓ Skipulögð verða verkefni sjálfbóðaliða.
- ✓ Reglubundið viðhald verði á göngustígum, stikum og merkingum samkvæmt forgangsröðun.
- ✓ Lokað verði og endurheimt gróður á villustígum sem liggja út frá gönguleiðum.
- ✓ Reglulegar fræðslugöngur verði með landverði yfir sumartímann.
- ✓ Sótt verði um í Styrkvegaskjól eftir þörfum til viðhalds á vegum utan stofnvega í friðlandinu.
- ✓ Öryggis- og neyðarbúnað verði yfirfarinn.
- ✓ Aðgerðaáætlun verði uppfærð.

Regluleg vöktun og eftirlit

- ✓ Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- ✓ Vöktun verði á framgangi framandi ágengra tegunda.
- ✓ Vöktun verði á ástandi fornminja í samvinnu við Minjastofnun.
- ✓ Gert verði mat á ástandi reiðleiða og ráðstafanir eftir þörfum til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir.
- ✓ Eftirlit verði með utanvegaakstri og ráðstafanir eftir þörfum til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir.
- ✓ Eftirlit verði á haustin með færð á vegum og ráðstafanir í samráði við Vegagerðina vegna lokunar á hliðum á vegum nr. 208 og F225 þegar færð spillist vegna snjóá. Uppsetning skilta um að einungis sé fært á breyttum jeppum.
- ✓ Eftirlit verði með vetrarfærð og ráðstafanir gerðar í samráði við Vegagerðina um lokun vega vegna hláku og aurbleytu.
- ✓ Farið verði í eftirlitsferð að vori með Vegagerðinni um friðlandið til að meta ástand vega og náttúru og taka ákvarðanir um opnun vega.
- ✓ Farið verði í eftirlit um friðlandið áður en vegir eru opnaðir og mat á ástandi göngustíga og ráðstafanir verði gerðar um tímabundna lokun stíga vegna aurbleytu og hættu á gróðurskemmdum.

Samráðsfundir

- ✓ Ráðgjafanefnd friðlandsins.

Aðgerðaráætlun Friðlands að Fjallabaki

- ✓ Veiðifélag Landmannaafreittar.
- ✓ Fjallskilanevnd Landmannaafreittar.
- ✓ Hestafélög og fulltrúar ferðapjónustufyrirtækja með hestaferðir.
- ✓ Hjólreiðasamtök og fulltrúar ferðapjónustufyrirtækja með hjólreiðaferðir.
- ✓ Ferðaklúbburinn 4x4, FETAR Landsamtök og aðrir fulltrúar ferðapjónustufyrirtækja í farþegaflutningum.
- ✓ Vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.
- ✓ Vegagerðin, Lögreglan og Vatnajökulspjóðgarður vegna hálendisvega.
- ✓ Slysavarnafélagið Landsbjörg.

2020

Aðgerðir

- ✓ Gerð verði áætlun um samráð við hagsmunaaðila vegna stjórnunar og verndunar friðlandsins.
- ✓ Stofnaður verði samráðshópur aðila sem koma að umsjón viðhaldi og merkingum á gönguleiðinni Laugaveginum.
- ✓ Óskað verði eftir samráðsfundi með Rangárþingi ytra um skipulagsáætlanir sem eru í gildi innan friðlandsins með það að markmiði að samræma stefnur beggja aðila um framtíð svæðisins.
- ✓ Hús landvarða í Landmannahelli verði stækkað.
- ✓ Gerð verði frumathugun vegna göngubrúar yfir Námskvísl, fljótandi göngustígar og móttökuhús í Landmannalaugum. Hönnun á göngubrú, göngustíg og móttökuhúsi með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Unnið verði að bættu skipulagi og skýrð afmörkun tjaldsvæða í samráði við rekstraraðila.
- ✓ Gerð verði úttekt á ástandi hverasvæða sem eru undir álagi vegna ágangs ferðamanna og áætlun um færslu á gönguleiðum og útsýnisstöðum sem liggja innan hverasvæða.
- ✓ Sótt verði um fjármagn til að lagfæra varnargarða í Landmannalaugum í samráði við Vegagerðina.
- ✓ Endurnýjaður verði pallur við náttúrulegina í Landmannalaugum með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Móttaka gesta og aðgengi að landverði verði bætt með fastri viðveru landvarðar í Landmannalaugum yfir sumartímann.
- ✓ Endurnýjaður verði bæklingur fyrir friðlandið.
- ✓ Unnið verði að því að bæta aðgengi að drykkjavatni í Landmannalaugum, Landmannahelli og Hrafninnuskeri í samstarfi við rekstraraðila.
- ✓ Síða friðlandsins á heimasíðu Umhverfisstofnunar verði uppfærð og efni þýtt á ensku.
- ✓ Þeir aðilar sem stunda ferðir inn á svæði 1 samkvæmt korti í viðauka V verði upplýstir um bann við lendingu mannaðra loftfara og umferð vélknúinna ökutækja utan vega á snævi þakinni og frosinni jörð.
- ✓ Rekstraraðilum í ferðapjónustu verði boðið að gera samkomulag um að vinna saman að verndun friðlandsins og stuðla að góðri upplifun ferðamanna.

Gönguleiðir

- ✓ Kannaðir verði möguleikar á að gera Laugavegin að einstefnuleið í samráðshóp um Laugavegin.
- ✓ Hverasvæði sem liggja við gönguleiðir verði girt af.

Aðgerðaráætlun Friðlands að Fjallabaki

- ✓ Settar verði upp einstefnumerkingar á gönguleiðinni um Grænagil að höfðu samráði við hagsmunaaðila.
- ✓ Gerð verði áætlun og forgangsröðun á viðhaldi og uppbyggingu göngustíga.
- ✓ Settar verði upp merkingar við banni á notkun göngustafa á viðkvæmum svæðum.
- ✓ Stikuð verði gönguleið frá Rauðafossi að upptökum árinna.
- ✓ Viðhald og uppbygging göngustígs að Rauðafossi verði unnin samkvæmt verkáætlun með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Settir verði upp gönguteljarar á völdum gönguleiðum.

Reiðleiðir

- ✓ Settar verði upp merkingar við allar reiðleiðir með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Gerð verði þarfagreining á fjölgun hestagerða.
- ✓ Óskað verði eftir því við Landsvirkjun að ræsi í eigu þeirra verði fjarlægð úr Jökuldalakvísl þar sem reiðleið liggur yfir kvíslina og finna leið til að gera kvíslina öruggari yfirferðar á hestum.

Skilti

- ✓ Gerð verði heildstæð áætlun um uppsetningu skilta og vegvísa við gönguleiðir og áningarstaði.
- ✓ Óskað verði eftir samstarfi við Minjastofnun um uppsetningu fræðslu- og upplýsingaskilta við helstu fornminjar í Landmannalaugum og Landmannahelli.
- ✓ Sett verði upp upplýsingaskilti við akstursleiðir í friðlandið með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Settir verði upp vegvísar við helstu gönguleiðir með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Sett verði upp fræðslu- og upplýsingaskilti við helstu gönguleiðir og áningarstaði með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Settar verði upp merkingar við banni á hjólréiðum á gönguleiðum um Grænagil, á Bláhnúk og að Rauðafossi samkvæmt reglu nr. 6 í kafla 4. í stjórnunar- og verndaráætlun.
- ✓ Sett verði upp skilti um bann við lausagangi bifreiða í Landmannalaugum og Landmannahelli.
- ✓ Gerð verði skilti með upplýsingum um veðurviðvaranir.

Vegir og bílastæði

- ✓ Óskað verði eftir því við Vegagerðina að viðhald vega í og við friðlandið verði aukið og að settar verði upp vegmerkingar og vegstikur þar sem þess er þörf.
- ✓ Gert verði mat á því hvaða vegi skuli merkja einungis færa breyttum jeppum í samráði við Vegagerðina og sveitarfélag.
- ✓ Lega vega í Dómadal, við Hnausapoll og að Sauðleysuvatni verði endurskoðuð í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélag.
- ✓ Kannaður verði möguleiki á færslu vegar að Lifrafjallavatni í samráði við Veiðifélag Landmannaafreittar, Vegagerðina og sveitarfélag.
- ✓ Fylgt verði eftir að bílastæði við Námskvísl verði endurgert og stækkað í samræmi við deiliskipulag. Framkvæmdaraðili er Rangárþing ytra í samstarfi við Umhverfisstofnun.

2021

Aðgerðir

- ✓ Auglýsing um friðlýsingu friðlandsins verði endurskoðuð.
- ✓ Mörk friðlandsins verði endurskoðuð með það að markmiði að öll Torfajökulseldstöðin verði friðlýst.
- ✓ Gerð verði atvinnustefna fyrir friðlandið í samvinnu við hagsmunaaðila.
- ✓ Gert verði fræðslu og upplýsingaefni um umgengnisreglur við skot- og fiskveiðar innan friðlandsins.

Aðgerðaráætlun Friðlands að Fjallabaki

- ✓ Umhverfisstofnun í samráði við eigendur bygginga við Eskihlíðarvatn láti fjarlægja þær.
- ✓ Gerðar verði leiðbeiningar um umferð hrossa í samráði við hagsmunaaðila.
- ✓ Gerð verði þarfagreining á hreinlætisaðstöðu innan friðlandsins.
- ✓ Kannað verði hvort nauðsynlegt sé að skilgreindur verði lendingarstaður fyrir þyrlur í Landmannalaugum með tilliti til breytinga á skipulagi svæðisins og af öryggisástæðum.
- ✓ Sótt verði um fjármagn vegna byggingar móttökuhúss við Námskvísl í samræmi við hönnun (2020) og deiliskipulag.
- ✓ Flokkun úrgangs verði gerð skilvirkari í friðlandinu með því að koma fyrir gámum fyrir flokkaðan úrgang í samráði við rekstraraðila og sveitarfélag.

Gönguleiðir

- ✓ Gerð verði greining á mögulegum áningarstöðum sem skulu vera aðgengilegir hreyfihömluðum.
- ✓ Sótt verði um fjármagn vegna uppsetningar leiðbeinandi skilta um hjólreiðar á gönguleiðum.
- ✓ Unnið verði að viðhaldi og áframhaldandi uppbygging á gönguleiðinni Laugahringnum samkvæmt verkáætlun og með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Gerður verði nýr pallur við náttúrulega í Landmannalaugum í samræmi við deiliskipulag með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Sótt verði um fjármagn vegna byggingar göngubrúar yfir Námskvísl og fljótandi göngustígar frá Námskvísl að náttúrulega og að skála Fí í Landmannalaugum í samræmi við deiliskipulag og hönnun.
- ✓ Unnið verði að viðhaldi og uppbyggingu á gönguleiðinni upp á Suðurnám frá bílastæði með fjármagni úr Landsáætlun.
- ✓ Greindir verði ákvörðunarpunktur (decision points) á gönguleiðum í samstarfi við Landsbjörg og settar upp viðeigandi merkingar.
- ✓ Gerð verði áætlun um númer og hnit á vegpresta í samstarfi við Landsbjörg.

Vegir og bílastæði

- ✓ Gerð verði þarfagreining á hvar þarf að bæta við útskotum svo bílar geti mæst í samráði við Vegagerðina.
- ✓ Gerð verði þarfagreining á stækkun og fjölgun á bílastæðum við athyglisverða staði í samráði við Vegagerðina og sveitarfélag.
- ✓ Sótt verði um fjármagn í samstarfi við Vegagerðina um gerð áningarstaða við innkomuleiðir í friðlandið með nægilegum bílastæðum og skiltum með upplýsingum um friðlandið í samráði við sveitarfélag.
- ✓ Skilgreindir verði aðkomustaðir við snjólinu og afmörkuð bílastæði fyrir þá sem hyggja á vélsleðaferðir í friðlandið í samráði við Landsamband íslenskra vélsleðamanna og sveitarfélag.

2022

- ✓ Yfirfarin verði örnefni í friðlandinu og þau leiðrétt á kortum þar sem þess þarf.
- ✓ Skilgreind verði efnistökusvæði og gerð áætlun um lokun þeirra sem eru ekki lengur í notkun í samráði við Vegagerðina og sveitarfélag.
- ✓ Sótt verði um fjármagn vegna viðhalds og uppbyggingar göngustígs frá Rauðafossi að upptökum árinna.
- ✓ Sótt verði um fjármagn vegna gerðar göngubrúar og göngupalla yfir ár, læki og votlendi á gönguleiðunum á Bláhnúk og um Vondugiljaaur.
- ✓ Gerð verði fræðsluáætlun fyrir friðlandið.

Aðgerðaráætlun Friðlands að Fjallabaki

- ✓ Áhrif þyrluflugs verði metið með tilliti til hvort skilgreina þurfi landingarstaði víðar í friðlandinu en í Landmannalaugum.